

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnanda, Guðjóni Steingrímssyni, kr. 34.873.64 með 9% ársvöxtum frá 20. marz 1964 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1965.

Nr. 8/1964. **Stapi h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)  
 gegn

**Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni**  
**f. h. A/B Kompressor-Puts**  
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kaup og sala. Skuldamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir verða ákveðnir þannig: 6% ársvextir frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri skuld, sænskum kr. 5.169.60, skulu vera 6% ársvextir frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Stapi h/f, greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Kompessor-Puts, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægga að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1963.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. firmans A/B Kompessor-Puts, Örebro, Svíþjóð, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. júní 1962, gegn Stapa h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð sænskar kr. 5.169.60, með 8% ársvöxtum frá 1. október 1958 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir eru þeir, að með samningi milli stefnanda og stefnda, sem undirritaður var í Stokkhólmi 29. nóvember 1956, veitti stefnandi stefnda afnotarétt á tiltekinni aðferð við múrhúðun, svonefndri Compus-aðferð. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa skyldi stefnandi í byrjun sjá stefnda fyrir kunnáttumanni svo og skyldi stefnandi láta stefnda í té nauðsynlegan vélaútbúnað. Fyrir rétt sinn samkvæmt samningnum skyldi stefndi greiða stefnanda sænskar kr. 5.000.00, en nauðsynleg tæki skyldi stefndi fá gegn endurgjaldi til leigu eða kaups.

Stefndi greiddi stefnanda þær sænsku kr. 5.000.00, sem hann skyldi greiða fyrir rétt sinn samkvæmt samningnum. Samkvæmt reikningum, sem dagsettir eru 21/3, 15/6, 1/7 og 17/10 1957 lét stefnandi stefnda síðan í té ýmis nauðsynleg tæki og annan

útbúnað, og er útbúnaður þessi færður stefnda til reiknings á samtals sænskar kr. 8.169.60. Verður eigi annað séð en að hér hafi verið um hrein kaup að tefla, og hinn 9. september 1958 greiðir stefndi sænskar kr. 3.000.00 upp í andvirði útbúnaðarins og lætur þess jafnframt getið, að vonandi verði, áður en langt um líði, unnt að koma í kring yfirlæsu á eftirstöðvunum.

Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um andvirði umræddra tækja og útbúnaðar samkvæmt fyrrnefndum reikningum, að frádregnum sænskum kr. 3.000.00, sem stefndi greiddi samkvæmt framansögðu hinn 9. september 1958, eða samtals sænskar kr. 5.169.60.

Stefndi telur, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt á samkvæmt fyrrnefndum samningi, hafi reynzt ónothæf. Er tekið fram af hálfu stefnda, að umrædd aðferð hafi verið í því fólgin að sprauta múrhúðuninni á vegg og loft og skera síðan fletina með skurðhnífum, sem séu breið stálblöð á skafti. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að fyrsti sænski kunnátumaðurinn, sem komið hafi, hafi eigi getað fengið þann árangur, sem stefndi hafi vænt, og hafi stefndi því óskað eftir öðrum manni. En árangurinn hafi orðið sá sami og stefndi orðið að hætta við að nota umrædda Compus-aðferð, en hins vegar notað vélarnar til að sprauta múrhúðuninni á vegg og loft og þússað síðan með brettum, eins og venja sé við múrhúðun. Byggir stefndi sýknukröfur sínar á því, að Compus-aðferðin sem slík hafi reynzt ónothæf, og að með greiðslum þeim, sem hann hafi innt af hendi, sænskum kr. 8.000.00, hafi hann greitt andvirði þeirra tækja, sem hann sé sóttur um greiðslu á.

Í fyrrnefndum samningi frá 29. nóvember 1956 er gert ráð fyrir, að deilur út af túlkun og beitingu ákvæða samningsins skuli lagðar undir úrskurð gerðardóms („skiljedom enligt lagen um skiljomän“). Gerði stefndi í greinargerð kröfu um frávisun málsins með þeim rökum, „að samningurinn um viðskipti málsaðilja geri ráð fyrir, að deilumál vegna samningsins séu lögð til úrlausnar fyrir gerðardóm“. Í þinghaldi hinn 7. marz 1963 féll stefndi hins vegar frá frávisunarkröfu sinni. Þar sem hvorugur málsaðilja ber þannig fyrir sig nefnt samningsákvæði, er það eigi því til fyrirstöðu, að efnisdómur verði lagður á málið, enda er hér eigi um ástæðu að ræða, sem valda á frávisun máls ex officio.

Stefndi byggir sýknukröfu sína eingöngu á því, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt af með nefndum samningi við

stefnanda, hafi reynzt ónothæf. Telur stefndi, að greiðsla sú, sem hann innti af hendi fyrir afnotaréttinn, eigi því að skoðast sem greiðsla á þeim tækjum, sem stefnandi hafi látið honum í té. Eigi verður séð af gögnum málsins, að stefndi hafi komið þessum rökum á framfæri við stefnanda, fyrr en til málssóknar þessarar kom. Eigi hefur stefndi heldur fært nein viðhlítandi rök að því, að aðferð sú, sem hann fékk afnotarétt á, hafi verið ónothæf. Verður samkvæmt því eigi talið, að efni séu til að taka sýknukröfu stefnda til greina, og ber því að dæma hann til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð.

Umrædd tæki og útbúnaður voru færð stefnda til reiknings á reikningum, sem dagsettir eru á árinu 1957, og er eigi annað upplýst en að afhending hafi farið fram á því ári. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda um, að stefnda verði gert að greiða vexti af umstefndri fjárhæð frá 1. október 1958, enda hafa eigi verið færð rök að því af hálfu stefnda, að hann hafi mátt ætla, að hann yrði ekki krafinn vaxta frá þeim tíma. Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 6% ársvexti af sænskum kr. 5.169.60 frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaður þykir hæfilega ákveðinn íslenskar kr. 5.500.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Ásmundi Ólasyni byggingameistara.

#### Dómsorð:

Stefndi, Stapi h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f. h. A/B Kompressor-Puts, sænskar kr. 5.169.60 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1958 til 22. febrúar 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og íslenskar kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---